

Mættir: Valgerður Jónsdóttir, Jonas Björk, Brynhildur Bjarnadóttir, Heiðdís Fjöla Pétursdóttir, Lilja Rögnvaldsdóttir og Sigurður Eiríksson.

### **Frjálsíþróttavöllur – framkvæmdir:**

Komið er tilboð frá SportTæki ehf. Heiðdís leitar frekari tilboða í hluta þess búnaðar sem óskað var eftir í tilboði.

### **Samstarfssamningur við Eyjafjarðarsveit:**

Farið yfir athugasemdir íþrótt- og tómstundanefndar vegna samnings milli Samherja og Eyjafjarðarsveitar. Formanni falið að vinna að málinu áfram.

### **Reglur varðandi styrk frá Samherja:**

UMF Samherjar fengu 300.000 kr styrk í vor frá Samherja hf. til barna- og unglíngastarfs. Stjórn er sammála um að styrknum verði varið til að greiða niður keppnisgjöld og ferðakostnað iðkenda UMF Samherja. Auk þess er stjórnin sammála um að UMF Samherjar bæti við 200.000 kr frá félaginu og að heildarupphæð verði 500.000 kr. Iðkendur geta sótt um styrk beint til stjórnar félagsins að hámarki kr 10.000 á árinu 2013.

### **Erindi vegna æfingaferðar sunddeildar til Spánar:**

Stjórn er sammála um að styrkja ekki æfingaferðir erlendis og hafnar því erindinu.

### **Erindi vegna Gautarborgarleika í frjálsum:**

Stjórn bendir á reglur um styrkveitingar vegna keppnisgjalda og ferðakostnaðar sbr að ofan.

### **Mót og viðburðir í sumar:**

Samþykkt að tengiliðir greina setji sem fyrst inn tilkynningar um mót í sumar og auglýsi sem fyrst.

### **Tengiliður í þróunarstjórn um heildstæðan skóla:**

Heiðdís verður tengiliður í þróunarstjórn um heildstæðan skóla.

### **Verktakagreiðslur til þjálfara:**

Borist hefur tilkynning frá Ríkisskattsjóra varðandi verktakagreiðslur til þjálfara. Gjaldkeri vinnur að málinu.

### **Reglur á sparkvelli:**

Samþykkt að skoða nánar.

### **Handverkshátíð:**

Undir þessum lið sátu fundinn Ásta, Þorgerður og Hafdís. Rætt um framkvæmd veitingasölu á handverkshátíð.